

Ed. 385. Frumvarp til laga [149. mál]

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi 1960.)

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti því, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur efnt til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fordæmi eru fyrir því, að vinningar í happdrættum, sem fram fara til styrktar líknarstarfsemi í alþjóðarþágu, séu með sérstöðum lögum undanþegnir opinberum gjöldum. Má þar nefna happdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, sbr. lög nr. 18/1959. Þar eð líkt er ástatt um starfsemi þá, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur með höndum, þykir ríkisstjórninni rétt að félagið verði sömu hlunninda aðnjótandi, að því er snertir happdrætti það, sem félagið hefur stofnað til á þessu ári.